

Páskar — dagar ósýrðu brauðanna

Í Nýja testamentinu er greint frá því hvernig Jesús og lærisveinar hans minntust brottfararinnar úr Egyptalandi með síðustu kvöldmáltíðinni. Ár hvert halda Gyðingar hátíð sem kölluð er „*Pesach*“ eða Páskahátíð til minningar um brottförina úr Egyptalandi. Kristnir menn minnst þess að Kristur var krossfestur á Páskahátíðinni, sem í Nýja testamentinu er einnig nefnd hátíð hinna ósýrðu brauða. Páskadagur Gyðinga getur fallið á hvaða vikudag sem er, en í Páskahaldi Kristinna manna er hátíðin bundin við vikudagana, fimmtudag (Skírdag), föstudag (Föstudaginn langa) og sunnudag (Páskadag) og er því oft dagamunur á því hvernig hátíðirnar falla saman. Gyðingar annars staðar en í Ísrael neyta reyndar páskamáltíðar tvö kvöld í röð, bæði á föstudags- og laugardagskvöldi. Sú hefð að neyta tveggja páskamáltíða á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar höf og álfur skildu að fólk í ólíkum heimshlutum. Fyrir daga nútímataekni var erfitt að samræma tímasetningar og þar sem það er Gyðingum mikils virði að sérhver Gyðingur hafi tækifæri til að neyta máltíðarinnar í félagsskap annarra Gyðinga og að allir Gyðingar neyti hennar á sama tíma hvar sem er í heiminum, tóku Gyðingar utan Ísraels til þess ráðs að neyta slíkra máltíða tvö kvöld í röð til að tryggja það að þeir neyttu hennar á sama tíma og Gyðingar í Ísrael.

Ekkert hveiti fánlegt

Páskahátíð Gyðinga er frelsishátíð en einnig minnst menn við þetta tækifæri þeirra þjáninga sem Ísraelsmenn gengu í gegnum, bæði í þrældómi í Egyptalandi og á hinu langa ferðalagi til frelsis í hinu fyrirheitna landi. Heiti hátíðarinnar „*Pesach*“ þýðir framhjáganga (samanber enska heitið „*Passover*“) og vísar til þess er Guð refsaði Egyptum í 10. sinn og banaði frumburðum þeirra en fór fram hjá húsum Gyðinga. Það sem einkennir hátíðina einna helst er alger útlegð brauðgers, hveitis og hvers kyns hveitivara. Þetta hveitibann á rætur sínar að rekja til þeirrar trúar að brottförina úr Egyptalandi hafi borið brátt að. Ísraelsmenn hafi því ekki haft tíma til að láta brauðdeig hefast áður en þeir héldu af stað og því þurft að borða flatt brauð. Í minningu þessara atburða eru borðaðar svokallaðar matzakökur þá viku sem hátíðin stendur en þær eru flatar og svo til bragðlausar. Þá er bannað að neyta eða hafa aðrar hveitivörur til sýnis í Ísrael yfir hátíðirnar og í samræmi við það selur Ísraelsríki allar hveitibirgðir sínar í táknrænni athöfn fyrir hátíðina og kaupir þær síðan aftur viku síðar. Það ganga þó ekki allir jafn langt og í mörgum verslunum láta kaupmenn sér nægja að breiða yfir hveitivörur þannig að þær sjáist ekki.

Dagana fyrir hátíðina eru heimili trúaðra þrífín hátt og lágt með það fyrir augum að hreinsa burt allt hveiti. Kvöldið fyrir hátíðina er síðan haldin hátíðleg athöfn þar sem heimilisfaðirinn leitar síðustu hveitiagnanna með logandi ljósi. Fyrir þessa athöfn er algengt að brauðbiti sé falinn einhvers staðar þannig að hægt sé að ljúka athöfninni með því að brenna hann ásamt annarri hveitivöru heimilisins að morgni næsta dags. Einnig skipta margir trúaðir algerlega um borðbúnað yfir hátíðirnar til að koma í veg fyrir snertingu við nokkra hveitiögn. Þeir sem ekki hafa efni á slíku geta hins vegar farið með borðbúnað sinn út á torg þar sem komið er upp sérstökum pottum með sjóðandi vatni til að þvo borðbúnaðinn í.

Fyrirmæli í fjórtán liðum

Hápunktur hátíðahaldanna, sem standa í sjö daga, er páskamáltíðin sem á hebresku nefnist „*Seider*“ (samkvæmt fyrirmælum) og er framkvæmd samkvæmt nákvæmum fyrirmælum sem er að finna í kveri sem heitir „*Haggadah*.“ Samkvæmt þessum fyrirmælum er athöfninni skipt í fjórtán liði og enn þann dag í dag mun vera farið nákvæmlega eftir þeim, a.m.k. fram að máltíðinni, á flestum heimilum Gyðinga. Að máltíðinni lokinni mun hins vegar víða vera misbrestur á því að haldið sé áfram samkvæmt fyrirmælunum.

Liðirnir fjórtán eru eftirfarandi:

1. liður: Rauðvínið blessað (gert ráð fyrir a.m.k. 4 glösum á mann).
2. liður: Hendur þvegnar.
3. liður: Grænmeti, yfirleitt sellerí, stungið í vatn og borðað.
4. liður: Þrjár Matzakökur settar á sérstakan „sederdisk“ og sú í miðið brotin.
5. liður: Sagan um brottförina úr Egyptalandi lesin.
6. liður: Hendur þvegnar.
7. liður: Farið með bæn og lofgjörð til Guðs.
8. liður: Matzakaka blessuð.
9. liður: Bragðað á beiskum mat t.d. piparrót.
10. liður: Borðuð matzakaka með piparrót.
11. liður: Máltíð.
12. liður: Borðuð Matzakaka.
13. liður: Þakkargjörð.
14. liður: Bænir.

Auk allra þeirra kræsinga sem hvarvetna eru bornar fram við máltíðina verður einn ákveðinn diskur, svokallaður „sederdiskur“, að vera til staðar við máltíðina. Á honum eru sex gerðir matar:

1) Matzakaka sem tákn brauðsins sem aldrei hefaðist; 2) egg sem tákn um frjósemi Ísraels; 3) vængur sem tákn um hönd Guðs sem bjargaði þjóðinni úr ánaud; 4) sulta sem tákn steypunnar sem Gyðingar unnu með í ánaudinni; 5) piparrót, eða annað súrt grænmeti, sem tákn þess biturleika sem þeir bjuggu við og 6) sellerí tákn vorsins.

Elía kominn í heimsókn

Fjölmargar hefðir hafa skapast í kringum páskamáltíðina og hefur hún mjög mismunandi blæ eftir uppruna fólks. Þannig er það t.d. hefð meðal Ashkenazigyðinga, sem koma frá Austur-Evrópu, að stinga fingri í vín og færa einn vindropa yfir á disk fyrir hverja þá plágu sem Guð lagði á Egypta um leið og þær eru nefndar í sögunni. Á meðal Sefardigyðinga, sem koma frá Norður-Afríku, er hins vegar heilu vínglasi og fullri vatnskönnu hellt í fat þegar hver plága er nefnd. Þá er það hefð meðal þeirra Gyðinga sem koma frá Marokkó að halda „sederdiskinum“ með táknunum sex yfir höfðum allra viðstaddra fyrir máltíðina. Á sumum heimilum er annar helmingur matzakökunnar sem brotin er fyrir máltíðina, falinn og börnin í hópnum látin leita að henni að máltíðinni lokinni. Það barn sem finnur kökuna selur hana síðan aftur stjórnanda athafnarinnar og verður hann að greiða fyrir hana það verð sem upp er sett, því án kökunnar getur hann ekki haldið athöfninni áfram. Það er því til mikils að vinna fyrir börnin sem gjarnan eru búin að ákveða að biðja um reiðhjól eða eitthvað í þá áttina. Önnur hefð sem einnig höfðar til yngri kynslóðarinnar er byggð á þeirri þjóðtrú að Elía komi við á hverju heimili til að taka þátt í máltíðinni. Í bókmenntum Gyðinga eru margar sögur til um það þegar Elía kemur til máltíðarinnar. Það er viðtekin venja að bjóða hungruðum að deila máltíðinni með sér og flestar þessara sagna segja frá bláfátæku fólki sem býður ókunnugum ferðamanni til máltíðarinnar og því hvernig gesturinn, sem reynist vera Elía, launar þeim örlætið. Við páskamáltíðir nútímans er

gjarnan lagt á borð fyrir Elía og víni helt í glas fyrir hann. Því næst bankar einhver undir borðið og yngsta barnið er sent til dyra með þeim orðum að nú sé Elía kominn. Einhver viðstaddra drekkur síðan vínið úr glasinu og þegar barnið kemur til baka er því sagt að Elía hafi skotist inn á meðan það var í burtu og drukkið vínið. Þá eru einstakir þættir athafnarinnar skýrðir út fyrir börnunum jafnóðum og þeir eru framkvæmdir með söngvum. Í einum þeirra syngur yngsta barnið: „Hvað er öðruvísi í kvöld en önnur kvöld?“ og viðstaddir svara: „Öll önnur kvöld borðum við bæði brauð og *matza* en í kvöld borðum við bara *matza*.“ Barnið syngur: „Hvað er öðruvísi í kvöld en önnur kvöld?“ og viðstaddir svara: „Öll önnur kvöld borðum við bæði súrt og sætt grænmeti en í kvöld borðum við bara súrt.“ Barnið syngur: „Hvað er öðruvísi í kvöld en önnur kvöld?“ og viðstaddir svara: „Öll önnur kvöld dýfum við bara einu sinni en í kvöld dýfum við tvisvar.“ Barnið syngur: „Hvað er öðruvísi í kvöld en önnur kvöld?“ og viðstaddir svara: „Öll önnur kvöld borðum við bæði sitjandi og liggjandi út á hlið en í kvöld borðum við bara liggjandi út á hlið.“

Að þessu fyrsta kvöldi hátíðarinnar loknu taka við vikuhátíðahöld sem í Ísrael einkennast bæði af ger- og hveitileysi og vori í lofti. Þessa viku myndast víða mannþröng við sjávarsíðuna og í almenningsgördum enda er fólk þá meira eða minna í fríi. Að hátíðinni lokinni myndast hins vegar víða ös þar sem þjóðarrétturinn „*falafel*“ (kjúklingabaunir í pítubrauði) er loksins fáanlegur á ný eftir ger- og hveitilausa daga ósýrðu brauðanna.

Heimild: Morgunblaðið 9. apríl 1998